



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 13. apríl 2022 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín Björk Leifsdóttir og Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Niels Guðmundsson endurskoðandi hjá Enor sat fundinn undir 2. dagskrárlið með notkun fjarfundarbúnaðs og Jón Ólafur Sigurjónsson slökkviliðsstjóri sat fundinn undir 4. dagskrárlið.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir málefni sveitarfélagsins og þau verkefni sem unnið hefur verið að síðan á síðasta fundi. Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

2. Ársreikningur 2021 – fyrri umræða

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarfélagsins vegna 2021 til fyrri umræðu. Niels Guðmundsson endurskoðandi kynnti endurskoðun á ársreikningi bæði í A-hluta og samstæðu sveitarfélagsins og fór yfir helstu niðurstöður og lykiltölur. Hann kynnti einnig samanburð á fjárhagsáætlun ársins. Ársreikningi var vísað til annarrar umræðu.

3. Rekstraryfirlit sveitarfélagsins jan.-feb. 2022 og fjárfestingayfirlit 31. mars 2022

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins jan.-feb. 2022 og fjárfestingayfirlit 31. mars 2022 sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði.

4. Málefni brunavarna

Jón Ólafur Sigurjónsson slökkviliðsstjóri fór yfir málefni slökkviliðs og hvað er framundan í starfi og uppbyggingu liðsins. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.



5. Persónuverndarmál

Fyrir fundinum lágu drög að Upplýsingaöryggisstefnu sveitarfélagsins sem lýsir áherslum á mikilvægi þeirrar skyldu sem hvílir á sveitarfélaginu að tryggja öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Upplýsingaöryggisstefna tekur til allra persónuupplýsinga í vörslu og umsjá Sveitarfélagsins Skagastrandar. Hún nær til innri starfsemi sveitarfélagsins og þeirrar þjónustu sem veitt er til íbúa, þar með talið allra innri kerfa og hug- og vélbúnaðar sem sveitarfélagið notar. Jafnframt tekur hún til húsnæðis þar sem unnið er með persónuupplýsingar starfsmanna og samningsbundinna aðila sem aðgang hafa að upplýsingum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ræddi framlögð drög sem voru samþykkt eins og þau voru lögð fyrir og fól sveitarstjóra að undirrita og birta stefnuna á heimasíðu sveitarfélagsins.

6. Norðurá - Fundarboð Aðalfundar

Fyrir fundinum lá fundarboð Aðalfundar Norðurár bs. miðvikudaginn 20. apríl 2022. Var Halldóri Gunnari Ólafssyni oddvita falið að sitja fundinn og fara með atkvæðisrétt fyrir hönd sveitarfélagsins.

7. Bréf

a. Sigríður Gestsdóttir dags. 24. mars 2022

Hrefna Dögg lýsti sig vanhæfa til þess að fjalla um þennan dagskrárlið og vék af fundi.

Fyrir fundinum lá beiðni um rökstuðning vegna ákvörðunar sveitarstjórnar um nýtingu æðarvarps í Hólaflóa sem tekin var á fundi þann 23. mars sl. Í auglýsingu kom fram að sveitarstjórn áskildi sér rétti til þess að taka eða hafna öllum tilboðum. Eins og kom fram í bókun sveitarstjórnar var ákveðið að semja við Ólaf Ingibjörnsson og horft til þess að hann hafi verið sá aðili sem hafi byggt upp verðmæti í kringum æðavarpið í Hólaflóa.



b. Sveitarfélagið Skagafjörður dags. 31. mars 2022

Fyrir fundinum lá erindi Sveitarfélagsins Skagafjarðar varðandi áframhaldandi samstarf um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra. Með erindinu er áréttuð bókun byggðaráðs frá fundi 1009. Þar sem lýst er yfir vilja byggðaráðs

Sveitarfélagsins Skagafjarðar til þess að sinna áfram hlutverki leiðandi sveitarfélags í málaflokknum. Sveitarfélagið Skagaströnd lýsir yfir eindregnum vilja til þess að halda samstarfinu áfram og leggur áhersu á að brýnt sé að ráðast í endurnýjun samnings sem rann út þann 28. febrúar sl. með þeim aðildarsveitarfélögum sem kjósa að halda samstarfinu áfram. Mikilvægt sé að tryggja samfellu í samstarfi og þjónustu m.a. svo hægt verði að ráðast í stofnun sameiginlegrar sjálfseignarstofnunar til þess að byggja íbúðakjarna fyrir fatlað fólk eins og áform hafa verið um lengi. Þá sammæltist sveitarstjórn um að gera lengri samning en til eins árs eins og verið hefur. Sveitarstjórn fól sveitarstjóra að vinna áfram að málefninu í samvinnu við aðildarsveitarfélög að samningnum.

8. Fundargerðir

a. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 25. mars 2022

Lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar SSNV dags. 1. mars 2022

Lögð fram til kynningar.

c. Stjórnar SSNV dags. 22. mars 2022

Lögð fram til kynningar.

d. Stjórnar SSNV dags. 5. apríl 2022

Lögð fram til kynningar.

e. Stjórnar Heimilisiðnaðarsafnsins dags. 22. mars 2022

Lögð fram til kynningar.

f. Stjórnar Náttúrustofu Norðurlands vestra dags. 25. mars 2022

Lögð fram til kynningar.

g. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 23. febrúar 2022

Lögð fram til kynningar.



9. Önnur mál

Samstarfsverkefni í Austur-Húnavatnssýslu

Oddvitar og sveitarstjórar sveitarfélaganna Blönduósþéjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar hittust á fundi þann 7. apríl sl. til að ræða samstarfsverkefni sveitarfélaganna.

Aðilar eru sammála um að endurskoða þurfi núverandi starfsemi byggðasamlaga en samstarf er um eftirfarandi verkefni:

- *Félags- og skólaþjónusta A-Hún*
- *Tónlistarskóli Austur-Húnavetninga*
- *Byggðasamlag um atvinnu- og menningarmál*

Ákvörðun var tekin um að bera það upp við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga að slíta Byggðasamlagi um menningar- og atvinnumál á næstu fundum í stjórn sveitarfélaganna. Í samræmi við 56. gr. *Samþykkt fyrir Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún.* fer um endurskoðun á samþykktunum, úrgöngu úr byggðasamlaginu og slit þess eftir 83.-86. gr. eldri sveitarstjórnarlaga sbr. 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Í ákvæðinu segir:

95. gr. Úrganga úr byggðasamlagi og slit byggðasamlags.

Í samningi um byggðasamlag skulu vera ákvæði um endurskoðun á samningi, um heimildir til úrsagnar úr byggðasamlagi og um slit þess.

Einstök sveitarfélög geta með tveggja ára fyrirvara sagt upp aðild að byggðasamlagi, hafi ekki verið samið um annan tímafreist. Samhliða getur sveitarfélag krafist innlausnar á nettó eignarhlut sínum í samlaginu núvirðisreiknuðum í samræmi við ákvæði samnings skv. 94. gr.

Ef ósætti rís um úrgöngu sveitarfélags úr byggðasamlagi er hægt að vísa málinu til ráðuneytisins. Ráðuneytið getur ákveðið að viðkomandi sveitarfélagi sé ekki heimilt að ganga úr byggðasamlagi um tilgreindan tíma, þó ekki lengur en í fimm ár að telja frá ákvörðun ráðuneytisins, vegna mikilvægra samfélagslegra hagsmuna eða vegna mikilvægra hagsmuna annarra aðildarsveitarfélaga sem að byggðasamlagi standa. Af sömu ástæðum er ráðuneytinu heimilt að ákveða frestun innlausnar á eignarhlut sveitarfélags.

Tillaga um að starfsemi byggðasamlags sé hætt nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest af 2/ 3 hlutum sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins. 2/ 3 hlutar stjórnarmanna í byggðasamlagi eða 2/ 3 hlutar fulltrúa á aðalfundi byggðasamlags,



sé slíkur fundur haldinn, geta krafist atkvæðagreiðslu í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga um slit byggðasamlags.

Nú er ákveðið að hætta starfsemi byggðasamlags eða svo er fyrir mælt í lögum og skal þá skipa því sérstaka skiptastjórn er gerir upp eignir þess og skuldir og slítur rekstri þess. Heimilt er skiptastjórn að auglýsa eftir kröfum á hendur byggðasamlaginu með opinberri innköllun. Eftir að kröfur hafa verið greiddar skal afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda jafnað á þau sveitarfélög sem að byggðasamlagi standa í hlutfalli við fbúatölu. Skiptastjórn skal kjörin af stjórn byggðasamlags.

Oddviti bar upp tillögu þess efnis að Sveitarfélagið Skagaströnd segi upp aðild að Byggðarsamlagi um menningar- og atvinnumál í A-Hún og samstarfinu verði slitið.

Tillaga samþykkt með 5 greiddum atkvæðum.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 11:07.

Halldór Gunnar Ólafsson

Guðmundur Egill Erlendsson

Kristín Björk Leifsdóttir

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Handwritten text, possibly a name or title.

Handwritten text, possibly a date or location.

Handwritten text, possibly a name or title.

Handwritten text, possibly a name or title.

Handwritten text, possibly a name or title.